



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu den 13. Nordisk
Audiologisk Selskabs Kongress
19. júní 1998**

Heiðruðu þingfulltrúar
góðu gestir

Þegar fyrstu landnámsmennirnir komu til Íslands fyrir meir en þúsund árum síðan voru það ekki aðeins tignarleg fjöll, grænir balar og fiskisælir firðir sem tóku þeim fagnandi. Það var ekki síður sínfónía náttúrunnar sem hreif hina nýju heimamenn, kraftmikil tónlist sköpunarverksins sem ætíð síðan hefur verið fagnaðaróður Íslands, einkum leikin fyrir norrænt frændalið sem sækir okkur heim.

Hvinurinn í hverunum í þann mund sem gosið rís upp úr jörðinni, dynurinn í hundruðum tignarlega fossa sem skreyta landið frá fjallshlíðum til stranda, brestirnir í jöklunum sem eru sífellt að breyta sér, minnka og stækka, áminning um að loftslag jarðar er ekki óumbreytanlegt heldur gjöf sem okkur ber að varðveita, öskrin í eldfjöllunum sem hella glóandi hrauninu yfir hvað sem fyrir verður og senda öskuna svo hátt til himins að hún berst með vindum yfir Atlandshafið til Noregs og Svíþjóðar og jafnvel niður til Danmerkur og þaðan til meginlands Evrópu, Þýskalands og Frakklands.

Í gamla testamentinu er okkur kennt að Guð hafi skapað heiminn á sex dögum og tekið sér svo hvíld, en sá er gallinn á þessu upphafi Biblíunnar að það er ekki alveg sannleikanum samkvæmt. Guð gleymdi nefnilega að hvíla sig þegar kom að Íslandi og hér hefur sköpun heimsins haldið áfram af fullum krafti, allt til þessa dags og mun gera um alla framtíð.

Það er því ekki seinna vænna að efnt sé til Den Nordiske Audiologiske Selskabs Kongress á Íslandi svo að norrænir sérfræðingar í heyrnarfræðum geti sjálfir hlýtt á hljómmikla sinfóníu sköpunarverksins og dæmt hvort ykkar eigin heyrn sé, þrátt fyrir allan ys stórborganna og þys tækninnar, enn búin slíkri frumgetu að þið getið notið þeirrar gæfu sem fellst í því að hlýða á tónlist fossa, hvera og eldfjalla eða nema þögn öræfanna, hinna ægigtignalegu auðna Íslands þar sem við erum ein með herradómi sköpunarverksins.

Ég óska íslenskum læknum og sérfræðifólki til hamingju með að vera nú gestgjafar norrænna samstarfsmanna. Þinghaldið á Íslandi staðfestir vilja ykkar og þjóðarinnar að vera fullgildir þátttakendur í vísindaframförum nútímans og leggja okkar af mörkum til að norrænt fræðasamfélag haldi áfram að vaxa og eflast.

Það er mér sérstök ánægja að heirðra hér í dag frumkvöðulinn Erling Þorsteinsson sem varð fyrsti íslenski læknirinn á þessu sviði og forystumaður um margvíslegar nýjungar. Hann er líka frábært dæmi um hve lýðræðislegt samband lækna og sjúklinga hefur verið á Íslandi frá landnámstíð. Þótt lækarnir hafi vissulega hið fræðilega próf er það siðvenja hér á Íslandi að sérhver landsmaður, bóndi, sjómaður og verkamaður telji sig eiga fullan rétt á því að vera þátttakandi í ítarlegum umræðum um hvaða lækniaðferð henti þeim sjálfum best. Menningarhefð sem endurspeglar vel að það voru sjálfstæðustu normennirnir sem hófu landnám á Íslandi fyrir rétt rúmum þúsund árum síðan, en hinir sem sættu sig við að vera þegnar Haraldar konungs hárfagra sátu eftir heima í Noregi.

Já, Erlingur Þorsteinsson leyfði jafnvel strákpolla að taka þátt í umræðunum um lækniaðferðina eins og ég kynntist vel þegar ég 11 ára gamall heimsótti hann á læknastofuna og hann vildi að lokinni skoðun taka úr mér hálskirtlana en ég sagði ákveðið: Nei takk, og eftir töluverðan depat ákváðum við saman að beita annarri lækniaðferð sem dugað hefur vel hingað til.

Hið opna lýðræðislega samspil lækna og þjóðar, sérfræðinga og almennings hefur sett sterkan svip á þróun heyrnarlækninga á Íslandi og er reyndar eitt af aðalsmerkjum íslensks samfélags þegar vísindaleg þekking er annars vegar. Hin víðtæka samfélagslega þjónusta sem íslenskir sérfræðingar hafa veitt endurspeglar vel þá hugsjón að heilbrigði fólksins er það markmið sem við eigum öll að þjóna.

Ég óska þinginu heilla í störfum og vona að kærir norrænir gestir gefi sér einnig tíma frá fræðilegum umræðum til að hlýða á þá einstöku hljómkviðu sem skapari himins og jarðar ákvað að loknum hvíldardeginum að flutt skyldi um aldir og ævi á ættjörð okkar Íslandi.

Það er mér mikill heiður að segja Den 13. Nordiske Audiologiske Selskabs Kongress formlega sett.